



UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

# AFGANISTAN

## - AÐGERÐIR OG VERKEFNI 2002-2014



*Dáttaka Íslendinga í aðgerðum og verkefnum í Afganistan 2002-2014*





#### Útgefandi


Útanríkisráðuneytið  
[www.utanrikisraduneyti.is](http://www.utanrikisraduneyti.is)

#### Hönnun og umbrot

Jónas Þorbergsson, Fínína

#### Ljósmyndir

Erlingur Erlingsson, Friðrik  
Jónsson, Gerður Kærnested, Gná  
Guðjónsdóttir, Guðrún Þorgeirsdóttir,  
Herdís Sigurgrímsdóttir, Hrafnhildur  
Sverrisdóttir, Jón Michael Þórarinnsson,  
Jónas G. Allansson, Nína Björk  
Jónsdóttir, Susan Martin, Sveinn  
Ævarsson



## Aðfararorð

Starf í þágu friðar er eitt af áherslusviðum Íslands í alþjóðlegri þróunarsamvinnu. Ísland leggur þessum málaflokki lið með fjárframlögum til verkefna og með því að senda íslenska sérfræðinga til starfa hjá alþjóðastofnunum á vegum Íslensku friðargæslunnar. Allir íslenskir friðargæsluliðar eru borgaralegir starfsmenn og rík áhersla er lögð á stuðning við verkefni sem varða framkvæmd ályktunar öryggisráðs SP nr. 1325 um konur, frið og öryggi. Afganistan er einnig eitt af fimm áherslulöndum Íslands á sviði þróunarsamvinnu.

Í lok árs 2014 lauk þrettán ára starfi Alþjóðaliðsins (ISAF) í Afganistan, en Ísland tók virkan þátt í verkefnum ISAF á árunum 2002 – 2014. Á sama tíma studdi Ísland við ýmis önnur verkefni í landinu, bæði á vegum Sameinuðu þjóðanna og ýmissa hjálparstátaka. Um er að ræða eina umfangsmestu aðkomu Íslands að verkefnum á sviði öryggismála, endurreisnar og stjórnarfars í einu af fátækustu þróunarríkjum heims.

Í þessu yfirliti er sagt frá helstu verkefnum íslenskra stjórnvalda í Afganistan og hvernig þátttakan þróaðist án þess að lagt sé mat á það út frá pólitískum forsendum. Mikill fjöldi karla og kvenna hefur starfað á vegum Íslensku friðargæslunnar í Afganistan til lengri eða skemmri tíma. Öllum þeim sem störfuðu fyrir Ísland í Afganistan, oft við framandi og erfiðar aðstæður, er þakkað fyrir vel unnin störf.

## EFNISYFIRLIT

- 2 Inngangur
- 4 Loftflutningar og flugvallarstjórn 2002–2005
- 6 Íslensk þátttaka í endurreisnarteymum í Gohr og Faryab 2005–2010
- 10 Stefna og áherslur
- 12 Framlög til þróunar- og hjálparstofnana 2006–2014
- 14 Aukin áhersla á störf Íslendinga í Kabúl 2010–2014
- 16 Fjárframlög og árangur
- 18 Niðurlag
- 19 Skammstafanir
- 20 Línurit
- 21 Helstu heimildir

# INNGANGUR

*Viðmesta samfellda þátttaka Íslendinga í friðargæslu og endurreisnarstarfi fór fram í Afganistan á árunum 2002 til 2014. Um var að ræða mjög fjölþætta starfsemi sem var um leið mikið lærdómsferli fyrir þátttöku Íslendinga í friðargæslu og þýðingu hennar í utanríkisstefnunni. Þátttaka Íslendinga í verkefnum í Afganistan á vegum Alþjóðaliðsins (ISAF) var vel sýnileg á vettvangi og í aðalstöðvum Atlantshafsbandalagsins (NATO). Í yfirlitinu, sem hér fylgir á eftir, verður sagt frá helstu verkefnum sem Íslendingar tóku þátt í og áherslum íslenskra stjórnvalda. Má þar nefna stjórn Kabúlflugvallar og mönnun fjölda starfa á flugvellinum, starf hreyfanlegra eftirlits- og upplýsingasveita, þátttaka í þróunarverkefnum í endurreisnarteymum í Ghor og Faryab og mönnun í höfuðstöðvum Alþjóðaliðsins (ISAF) í Kabúl. Tugir Íslendinga störfuðu á tímabilinu á vegum Íslensku friðargæslunnar í Afganistan og auk þess fjölmargir aðrir á vegum NATO, stofnana Sameinuðu þjóðanna og hjálparsamtaka.*

Um síðustu aldamót var Afganistan eitt fátækasta ríki veraldar eftir nær óslitin átök og erjur í þrjá áratugi. Helstu grunnstöðir samfélagsins höfðu verið lagðar í rúst. Ríkisstofnanir gátu vart sinnt verkefnum sínum, samgöngur voru í molum og heilbrigðis- og menntastofnanir höfðu verið eyðilagðar. Þegar þarna var komið sögu var ógnarstjórn talibana við völd. Höfðu stjórnarhættir þeirra vakið óhug víða um heim vegna mannréttindabrota, kúgunar kvenna og fjandskapar við menningarverðmæti og mannhelgi.

Í skjóli talibana höfðu hryðjuverkasamtökin al-Kaída bækistöð í Afganistan og skipulögðu þaðan árásir í öðrum löndum. Árás þeirra á Bandaríkin 11. september 2001 varð til þess að Bandaríkjaher réðst inn í landið í október sama ár og hrakti stjórn talibana frá völdum. Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna (SP) skilgreindi ástandið í Afganistan sem ógnun við alþjóðafrið og öryggi. Í samræmi við óskir afganskra bráðabirgðastjórnvalda fól það Alþjóðaliði (International Security Assistance Force, ISAF) að halda uppi öryggi í landinu. Á alþjóðavettvangi var breið samstaða um það að friðar- og uppbyggingarstarf í Afganistan væri sameiginlegt verkefni ríkja heims. Samstarf alþjóðasamfélagsins og

afganskra stjórnvalda um endurreisn og þróun myndi skapa varanlegan grundvöll fyrir lýðræðisþróun og öryggi í landinu.

Alþjóðaliðið (ISAF) var sett á stofn í desember 2001 á grundvelli ályktunar öryggisráðs SP nr. 1386 frá 20. desember 2001 til þess að stuðla að stöðugleika og varanlegum friði í landinu. Hefur umboðið síðan verið endurnýjað reglulega. Sameinuðu þjóðirnar settu einnig á laggirnar aðstoðarsveit í landinu (UN Assistance Mission in Afghanistan, UNAMA) sem átti eftir að gegna stóru hlutverki í endurreisn og framþróun í landinu. Í upphafi skiptust einstök ríki Atlantshafsbandalagsins (North Atlantic Treaty Organization, NATO) á að hafa forystu í ISAF. Ábyrgðarsvæðið náði í fyrstu aðeins til höfuðborgarinnar Kabúl og næsta nágrennis en síðar var ábyrgð á öryggismálum í landinu öllu færð til ISAF.

Atlantshafsbandalagið tók að sér forystu fyrir ISAF 11. ágúst 2003. Var meginmarkmið Alþjóðaliðsins að aðstoða afgönsk yfirvöld við að ná tökum á öryggisástandi í landinu, búa í haginn fyrir uppbyggingu og þróun og forða því að Afganistan yrði á ný gríðastaður hryðjuverkasamtaka. Fyrsti

sérlegur borgaralegur fulltrúi aðalfrankvæmdastjóra NATO í Afganistan (Special Civilian Representative, SCR) var skipaður 19. nóvember 2003.

Alþjóðaliðið starfaði í Afganistan að beiðni afganskra stjórnvalda og í umboði SP á grundvelli allmargra ályktana öryggisráðs SP (þ.m.t. ályktana nr. 1386, 1413, 1444, 1510, 1563, 1623, 1707, 1776, 1883, 1890 og 1917). Á ýmsum fjölþjóðlegum ráðstefnum hefur alþjóðasamfélagið staðfest áframhaldandi stuðning við Afgana á sviði lýðræðisþróunar, efnahagsuppbyggingar og velferðar. Mikilvægi mannréttinda hefur verið áréttað, sérstaklega réttindi kvenna.

## Stuðningur íslenskra stjórnvalda

Ísland, líkt og önnur NATO-ríki, hóf þátttöku í starfi Alþjóðaliðsins þegar bandalagið tók að sér forystu þess 11. ágúst 2003. Í meginatriðum hefur þátttaka Íslands falist í því að senda sérfræðinga til starfa á vegum Íslensku friðargæslunnar hjá ISAF og í fjárframlögum til endurreisnar og þróunarstarfs í landinu. Þjuggu þátttakendur í aðgerðum í Afganistan vel að því að þegar var fyrir hendi reynsla Íslendinga af friðargæslu.





## Stofnun Íslensku friðargæslunnar 2001

Þátttaka Íslendinga í friðargæslu á sér nokkra sögu og fóru íslenskir lögreglumenn til starfa hjá Friðargæslu Sameinuðu þjóðanna þegar á sjötta áratug síðustu aldar. Samfelldari þátttaka í friðargæslu hófst þegar ófriðurinn geisaði á Balkanskaga á tíunda áratugnum en þá sendi utanríkisráðuneytið friðargæsluliða, aðallega lögreglumenn og hjúkrunarfólk, til starfa þar með norska og breska hernum. Frá árinu 1994 hefur fjárframlag til friðargæslu verið fastur liður á fjárlögum. Nefnd, sem þáverandi utanríkisráðherra skipaði um þátttöku Íslands í alþjóðlegri friðargæslu, skilaði álit árið 2000 þar sem lagt var til að „...friðargæslu verði varanlega komið fyrir í stjórnsýslunni ...“ og „...að forsvarið fyrir Íslensku friðargæslunni verði hjá utanríkisráðuneyti ...“. Íslenska friðargæslan var síðan stofnuð 10. september 2001 sem skrifstofa í utanríkisráðuneytinu og fór forstöðumaður hennar með stjórn Friðargæslunnar. Auglýsti utanríkisráðuneytið eftir umsóknum frá einstaklingum sem gáfu kost á sér til friðargæslustarfa og varð þar til viðbragðslisti þessa fólks.

### MYND 1 : STARFSSTÖÐVAR ÍSLENDINGA Í AFGANISTAN



# LOFTFLUTNINGAR OG FLUGVALLARSTJÓRN 2002–2005

## Loftflutningar

Afganistan er mjög háð flugsamgöngum enda samgöngur á landi víða erfiðar og hættulegar. Alþjóðaflugvöllurinn í Kabúl (Kabul International Airport, KAIA) er mikilvæg lífæð fyrir landið og myndi lítið fara fyrir starfsemi ýmissa hjálparsamtaka ef þau gætu ekki treyst á loftflutninga með vistir, fólk og hjálpargögn.


Fljótlega eftir stofnun Alþjóðaliðsins ákvað ríkisstjórnin, í ársbyrjun 2002, að veita fjárhagsaðstoð við loftflutninga til Afganistans. Í febrúar 2002 sá flugfélagið Atlanta um flutninga á ökutækjum, varningi og lyfjum, samtals um 70 tonn, frá Danmörku til Tashkent í Úzbekistan fyrir Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) en þaðan var varningurinn fluttur til Afganistans. Einnig var flogið frá Hollandi til Islamabad í Pakistan með 100 tonn af lyfjum fyrir Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina (WHO). Ríkisstjórnin ákvað 22. mars 2002 að veita frekari aðstoð af sama toga og kosta flutninga með varning og lyf til Afganistans og Pakistans. Íslensk stjórnvöld kostuðu í júní 2004 ferð flugvélar frá Íslandi til Kabúl með hjálpargögn sem Hjálparstarf kirkjunnar og Rauði kross Íslands höfðu forgöngu um að safna. Var þar m.a. um að ræða sjúkrarúm, hjólastóla, hækjur, skurðarborð og búnað í fæðingarstofur, auk lyfja og vetrarfátnaðar fyrir konur og börn. Samstarfsaðilar Hjálparstarfs kirkjunnar og Rauða kross Íslands sáu um að dreifa gögnunum.

Til að styðja aðgerðir Alþjóðaliðsins við að tryggja öryggi og aðbúnað á vettvangi voru greidd framlög til loftflutninga vegna liðsafla á vegum Alþjóðaliðsins. Áhersla var lögð á að styðja starf og flutninga þeirra þjóða sem störfuðu á svæðum í Afganistan

sem Ísland hafði ekki tók á að styðja með öðrum hætti, einkum í suðurhluta landsins. Í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar frá 24. október 2002 lýsti þáverandi forsætisráðherra því yfir á leiðtogafundi NATO í nóvember 2002 að íslensk stjórnvöld væru reiðubúin til að leggja sitt af mörkum vegna

hugsanlegra aðgerða bandalagsins með því að hafa milligöngu um loftflutninga á búnaði eða liðsafla. Þetta fyrirheit var ítrekað á leiðtogafundum Atlantshafsbandalagsins í júní 2004 og í nóvember 2006. Á árunum 2004–2007 var um að ræða framlag til eftirfarandi flutninga:

MYND 2: FRAMLÖG TIL VERKEFNA OG SJÓÐA ISAF OG NATO







Í mars 2004 var kostaður flutningur á Apache-þyrlum frá Hollandi til Kabúl. Í ágúst sama ár var flogið frá Víníus í Litháen til Kabúl með liðsafla og varning og í desember var flogið frá Slóvakíu til Kabúl með liðsafla og búnað. Árið 2006 var flogið með búnað frá Eistlandi fyrir afganska herinn í Kabúl. Í september 2007 var flogið með vopn, sem ætluð voru afgönskum hersveitum, frá Litháen til Afganistans og Bretar fengu framlag til að flytja svissneskar slökkvibífreidar til alþjóðaflugvallarins í Kabúl. Árið 2008 lagði Ísland fé í svokallaðan þyrlusjóð sem Bretland og Frakkland settu á fót í því augnamiði að fjölga þyrlum í Afganistan. Framlagið skiptist síðar til helminga milli Tékklands og Ungverjalands og var fénu varið til að uppfæra þyrlukost og þjálf áhafnir í löndunum tveimur svo að þær gætu tekið þátt í aðgerðum í Afganistan.

## Íslendingar annast stjórn alþjóðaflugvallarins í Kabúl

Íslensk þátttaka í verkefnum og aðgerðum hófst af alvöru með ákvörðun þáverandi ríkisstjórnar 31. október 2003 að bjóða NATO að Ísland tæki að sér stjórn Alþjóðaflugvallarins í Kabúl (KAIA). Íslendingar höfðu gegnt sams konar hlutverki á Pristínaflugvelli í Kósóvó. Aðildarþjóðir ISAF höfðu skipst á að fara með stjórn KAIA.

Hinn 1. júní 2004 tóku Íslendingar formlega við stjórninni að viðstöddum þáverandi utanríkisráðherra. Var þetta stærsta verkefni Íslensku friðargæslunnar frá upphafi. Fjölbjóðlegt lið NATO starfaði á flugvöllinum og var

reksturinn, tæki og búnaður greiddur af NATO. Lagði Friðargæslan til starfsmenn í mikilvægar stöður. Sinnti hún auk yfirstjórnar flugvallarins, flugumsjón, flugumferðarstjórn, slökkviliði, hlaðdeild og verkfræðisviði. Ísland lagði til 17 af rúmlega 300 stöðugildum sem þá þurfti til að reka flugvöllinn. Á meðal þessara starfa voru yfirmaður flugvallarins, yfirmaður flugumsjónar, flugumsjónarmenn, slökkviliðsstjóri og slökkviliðsmenn og öryggissérfræðingar. Undir stjórn flugvallarstjórans voru hvort tveggja hermenn og borgaralegir sérfræðingar af ýmsum þjóðernum. Yfirstjórn Íslendinga á alþjóðaflugvöllinum lauk 1. febrúar 2005 en Íslendingar störfuðu áfram á flugvöllinum í margvíslegum stjórnunarverkefnum allt til loka ISAF-aðgerðanna á vegum Friðargæslunnar en auk þess réðust allnokkrir Íslendingar til starfa á eigin vegum hjá ISAF, m. a. við hliðvörslu á flugvöllinum.



## Árás á íslenska friðargæsluliða í október 2004

Gerð var sprengjuárás á íslenska friðargæsluliða sem voru á ferð í Kabúlborg 23. október 2004. Sex Íslendingar, Bandaríkjamadur og Tyrki voru í hópnum. Tveir íslenskir friðargæsluliðar særðust í árásinni og einn hlaut minniháttar áverka. Í árásinni fórst 11 ára gömul afgönsk stúlka, bandarísk kona og ódæðismaðurinn sjálfur. Nokkrir Afganar særðust. Íslensk stjórnvöld fordæmdu sprengjuárásina harðlega og yfirlýsingu talibana í kjölfar hennar. Markaði árásin upphafið að fjölmörgum slíkum árásum sem gerðar hafa verið allt til þessa dags og valdið dauða fjölda afganskra borgara.

Árásin á friðargæsluliðana vakti mikla athygli heima fyrir og umræður lengi vel á eftir og leiddi til þess að hinn 16. apríl 2008 fékk þáverandi utanríkisráðherra tvo fyrrverandi hæstaréttardómara til að yfirfara og kanna atvik varðandi árásina. Fengu þeir af hálfu utanríkisráðuneytisins aðgang að öllum skjölum um málið. Meginverkefnið var að fá sem skýrasta mynd af atburðum með viðtölum, yfirferð gagna og frekari gagnaöflun, sérstaklega varðandi aðdraganda, ákvarðanatöku og viðbrögð á vettvangi, svo og meðferð málsins af hálfu ráðuneytisins. Álitsgerð hæstaréttardómaranna var svo birt 26. ágúst 2008 og sagði í niðurstöðum hennar að ekkert hafi komið fram sem benti til annars en að öryggisgæsla í ferð friðargæsluliðanna inn í miðborg Kabúl „hefði verið óaðfinnanleg“ og „friðargæsluliðar hafi í einu og öllu brugðist rétt við“ í kjölfar árásarinnar sem á þá var gerð.

# ÍSLENSK ÞÁTTTAKA Í ENDURREISNARTEYMUM Í GOHR OG FARYAB 2005–2010

## Endurreisnarteymi

Liðsaflí Alþjóðasveitarinnar í Kabúl var í upphafi 6.300 manns. Smám saman var landinu skipt upp í endurreisnarsvæði þar sem störfuðu svæðisbundin endurreisnarteymi (Provincial Reconstruction Team, PRTs). Hlutverk endurreisnarteymanna var hvort tveggja að stuðla að auknu öryggi íbúanna og fulltrúa hjálparstofnana og taka þátt í uppbyggingarstarfinu í öllu landinu. Með þeim hætti átti m.a. að aðstoða stjórnvöld við að koma á lögum og reglu og tryggja almenningi aðgang að heilsugæslu, menntun og annarri grunnþjónustu eins og drykkjarvatni og raforku. Fljótlega fjölgaði í Alþjóðaliðinu og tók það við friðargæslu alls landsins. Árið 2006 voru 32.000 friðargæsluliðar á vegum ISAF í landinu. Utan Kabúl störfuðu 15 svæðisbundin endurreisnarteymi (PRTs) í landinu sem auk öryggis- og friðargæslu sinnu ýmsum endurreisnarverkefnum á borð við þjálfun lögreglu, uppbyggingu stjórnýslu, samræmingu neyðar- og mannúðaradstoðar og aðstoð við ýmis uppbyggingar- og þróunarverkefni. Hvort árið var 300 milljónum kr. varið til verkefna í Afganistan og urðu framlögin aldrei hærri en þá. Smám saman fóru þau minnkandi (sjá Mynd 2). Árið 2006 voru

framlögin rúmlega 52% fjárhags Íslensku friðargæslunnar (sjá Mynd 3).


## Íslensk þátttaka

Þegar komið var fram á miðjan áratuginn hófst nýr kafli í þátttöku Íslendinga í verkefnum í Afganistan. Fóru þeir að láta að sér kveða í friðargæslu og þróunarstarfi í tveimur endurreisnarteymum utan Kabúl, annars vegar í Chaghcharan-borg í Ghor-héraði í vesturhluta landsins undir yfirstjórn Litháa og hins vegar í Meymaneh-borg í Faryab-héraði í norðurhluta landsins undir yfirstjórn Norðmanna (sjá Mynd 1). Áhersla var lögð á fjárhagslegan stuðning við þróunarverkefni og uppbyggingu og störfuðu íslenskir þróunarfulltrúar á þessum slóðum. Auk þess voru settar á laggirnar tvær hreyfanlegar sveitir. Mikilvægur þáttur í starfi þróunarfulltrúanna var að eiga samráð við stjórnvöld, sveitastjórnir og félagasamtök. Var upplýsingum miðlað til þeirra aðila sem unnu að þróunarverkefnum og gætt að samræmingu uppbyggingarstarfsins. Starf hreyfanlegu sveitanna var nátengt þessu starfi. Á árunum 2006–2007 voru í Afganistan að jafnaði 13–15 stöðugildi á vegum Friðargæslunnar eða um helmingur stöðugilda á vegum hennar.

## Íslenskar hreyfanlegar eftirlits- og upplýsingasveitir (MLOT)



MYND 3: KOSTNAÐARSKIPTING ÍSLENSKU FRIÐARGÆSLUNNAR 2006







Í lok júlí árið 2005 héldu íslenskir friðargæsluliðar til þjálfunar í Noregi vegna þátttöku í starfi eftirlits- og upplýsingateyma (Mobile Liason and Observation Team, MLOTs) innan endurreisnarteyma (PRTs) Alþjóðaliðsins í Afganistan. Þjálfuninni fór fram hjá norska hernum. Að henni lokinni fór fyrsti hópur íslenskra friðargæsluliða til Faryab-héraðs til starfa með norskum og finnskum friðargæsluliðum. Annar hópur fór svo til starfa í Gohr-héraði í október í samvinnu við Litháa og Dani. Í hópunum voru átta til níu manns og hver hópur var að störfum í landinu að jafnaði í fjóra mánuði. Um 25 slík teymi voru starfrækt á vegum ISAF í Afganistan. Við þetta starf íslensku teymanna voru notaðar bifreiðar sem voru sérbúnar heima fyrir.

Hvort teymanna samanstóð af tveimur öikumönnum, tveimur sjúkraliðum, vélvirkja og tveimur öðrum starfsmönnum, auk innfæddra túlka. MLOT-teymin íslensku söfnuðu upplýsingum, könnuðu ástand í þorpum og ræddu við þorpsleiðtoga um aðstæður, þarfir og öryggi á svæðinu og miðluðu ýmsum upplýsingum til þeirra. Með þessu framlagi lagði Ísland sitt af mörkum við framkvæmd endurreisnarstarfs í Afganistan.

Ákveðið var haustið 2006 að ljúka viðveru íslensku MLOT-teymanna og hætta slíkum verkefnum frá vorinu 2007. Eðli starfa íslenskra friðargæsluliða í Afganistan breyttist nokkuð þegar þau voru lögð niður og hættu störfum í byrjun apríl 2007.

## Nýjar áherslur

Starfsemi Íslensku friðargæslunnar tók nokkrum stakkaskiptum á árinu 2006 með breyttum áherslum sem fólu m.a. í sér að aukin breidd yrði í verkefnum og hlutur kvenna í friðargæslustörfum aukinn. Í verkefnum var áhersla nú lögð á fjögur megin svið og sá þess stað í verkefnum í Afganistan. Fyrsta megin sviðið var uppbygging á sviði löggæslu og réttarfars en það er mikilvægt eftir að stríðsátök hafa geisad. Heilbrigði og heilsuvernd var annað megin sviðið, þar með talið uppbygging og þjálfun í heilsugæslu, mæðravernd og ungbarnaeftirliti. Þriðja megin sviðið var flugmál og flugvallarstjórnun. Meðal verkefna á þessu sviði má nefna þjálfun heimamanna, skipulagningu og reglusetningu í samráði við alþjóðaflugmálafirvöld. Að síðustu má nefna upplýsingamál og fjölmiðlun sem fjórða megin sviðið en fjöldi fjölmiðlafólks hefur farið til friðargæslustarfa.



# ÍSLENSK ÞÁTTTAKA Í ENDURREISNARTEYMUM Í GOHR OG FARYAB 2005–2010

## Þróunarstarf í Ghor-héraði 2006–2008

Sem fyrr segir starfaði íslenskur þróunarfulltrúi í Ghor-héraði. Hafði hann umsjón með því að Íslenska friðargæslan gerði í apríl 2007 þriggja ára samning við hina sjálfstæðu Alþjóðlegu hjálparstofnun IAM (International Assistance Mission) um smíði lítilla vatnsaflsvirkjana í héraðinu til að veita rafmagn til heimilisnota í afskekktum þorpum á háfjallasvæðum. Verkefnið byggði á hugmyndum um þátttökuþróun og sá IAM fyrst og fremst um að útvega byggingarefni og búnað, auk kennslu og verkefnastjórnunar en þorpsbúar lögðu sjálfir til vinnu við virkjanagerðina og sáu um viðhald og rekstur virkjunarinnar. Sú þátttaka náði einnig til rekstrar verkstæðis í höfuðstað héraðsins, Chaghcharan, sem framleiddi og seldi varahluti.

Í samræmi við áherslu á réttarfarsaðstöð undirrituðu Íslenska friðargæslan og Alþjóðlega lagastofnunin-Afganistan (International Legal Foundation Afghanistan, ILF-A) eins og hálf ár samstarfssamning í apríl 2007 um lögfræðiaðstöð. Verkefnið hófst 1. maí með opnun skrifstofu ILF-A í Chaghcharan. Það fólst í ókeypis lögfræðiráðgjöf og málsvörn í dómsmálum fyrir héraðsbúa með konur og unglina í forgangi. Unnið var náið með kvennamálaráðuneytinu (Ministry of Women Affairs) í héraðinu og með Hinni sjálfstæðu mannréttindanefnd Afganistans (Afghanistan Independent Human Rights Commission, AIHRC)

sem er mikilvægasta mannréttindastofnunin í landinu og upplýsingum deilt með mannréttindaráðgjafa SP í viðleitni til að bæta stöðu mannréttindamála, einkum stöðu kvenna og ungra stúlkna.

Íslenska friðargæslan styrkti almannavarnir (Afghanistan National Disaster Management Authorities, ANDMA) til að setja upp almannavarnanámskeið fyrir almannavarnaráð Ghor-héraðs og sjálfbodaliða úr héraðinu. Leiðbeinendur frá Rauða hálfmánanum sáu um þjálfunina. Alls hlutu 129 manns þjálfun, þar af 20 konur. Þátttakendum var deilt á fjögur eins vikna námskeið.

Íslenska friðargæslan og frjálstu félagasamtökin PARSÁ (Physiotherapy and Rehabilitation Support for Afghanistan) undirrituðu eins árs samning í lok janúar 2008 um barnaheimili. Verkefnið fólst m.a. í ítarlegu mati á starfsfólki barnaheimilis og yfirmönnum útibús félagsmálaráðuneytisins í Chaghcharan. Úttektin var nýtt til að aðlaga þjálfunina að getu starfsfólks og staðarhátum almennt. Í samræmi við áhersluna á heilsugæslu fóru ljósmóðir og hjúkrunarfræðingur til starfa í lok árs 2006 til að halda námskeið fyrir yfirsetukonur og ljósmæður í héraðinu.







## Þróunarstarf í Faryab-héraði 2008-2010

Íslenskur þróunarfulltrúi starfaði á árunum 2008-2010 í norsku héraðsuppbyggingarteymi í borginni Maymaneh í Faryab-héraði í norðurhluta landsins. Um var að ræða starf að uppbyggingar- og þróunarmálum með sérstakri áherslu á málefni kvenna. Staðan var síðar flutt til Kabúl, m.a. af öryggisástæðum. Helstu verkefni í Maymaneh miðuðu að því að styrkja þróun í dreifbýli. Þróunarfulltrúinn vann að verkefni fyrir framþróun í sveitahéruðum sem var á vegum IAM. Verkefnið lagði áherslu á stuðning við konur og miðaði að því að bæta aðstæður fátækra kvenna í sveitaþorpum. IAM, sem er sjálfstæð kristileg hjálparstofnun og sú stofnun sem lengst slíkra hefur starfað samfellt í landinu, var einnig samstarfsaðili í verkefni um smíði lítilla vatnsaflsstöðva sem þjónuðu samfélögum til sveita. Lögðu íslensk stjórnvöld fram fé til þessa verkefnis á árunum 2009-2010. Einnig var unnið að réttarfarsaðstoð en töluvert er um að fátækir karlar og konur sitji í fangelsi því að þau hafi ekki vól á lögfræðilegri aðstoð. Að þessu verkefni kom Sjálfstæða lagastofnunin, ILF-A.

Smám saman urðu jafnréttismál æ veigameiri þáttur í starfi þróunarfulltrúans, m.a. með aðstoð við kvennamálaráðuneytið og fjáls félagasamtök kvenna, ekki síst til að konur á svæðinu næðu betur að nýta erlenda aðstoð og fjármagn sem vól var á. Íslenski þróunarfulltrúinn var tengiliður milli kvennasamtaka og uppbyggingarteymisins og vann að því að greiða fyrir þátttöku fulltrúa kvenna á fundum og í ýmissi starfsemi til að tryggja að sjónarmið þeirra kæmst á framfæri. Skipulagði fulltrúinn m.a. ráðstefnu árið 2010 um jafnréttismál fyrir borgaralega og hernaðarlega jafnréttis-sérfræðinga víða að af landinu. Þróunarfulltrúinn vann að framkvæmd ályktunar öryggisráðs SP nr. 1325 um konur, frið og öryggi (UNSCR 1325). Ærið verk var að vinna til að bæta lagalega stöðu kvenna og aðgang að réttlátri málsmeðferð.



## Viðbragðslisti

Við stofnun Íslensku friðargæslunnar var þeim sem áhuga höfðu gert kleift að sækja um að komast í störf á vettvangi. Gátu áhugasamir sent nöfn sín og ferilskrá til utanríkisráðuneytisins, og voru þeir sem uppfylltu öll skilyrði um hæfni skráðir á viðbragslista. Snemma varð því til langur listi af vel menntuðu og reynslumiklu fólki af fjölmörgum sviðum samfélagsins. Stjórn Friðargæslunnar hafði listann til hliðsjónar við val á friðargæsluendum. Þurfti að vanda vel til valsins á fólki í störf í Afganistan þar sem aðstæður voru erfiðar og stundum hættulegar. Viðbragðslistinn var endurnýjaður reglulega og varð umsóknarferlið með tímanum skilvirkt og aðgengilegt á heimasíðu utanríkisráðuneytisins.

## Starfsmannahandbók

Gefin var út reglulega Starfsmannahandbók Íslensku friðargæslunnar með hagnýtum upplýsingum fyrir friðargæsluð. Í handbókinni eru m.a. upplýsingar um starfskjör, heilbrigðisráðgjöf, sálfræðiaðstoð, þjálfun, lög og reglur.

## Síðareglur

Friðargæsluðar í Afganistan lutu síðareglum Íslensku friðargæslunnar sem settar voru á grundvelli laga nr. 73/2007 og voru þær birtar sem reglugerð nr. 960/2007. Reglurnar kveða á um framkomu og breytni á vettvangi.

# STEFNA OG ÁHERSLUR

## Áhersla í upphafi

Áhersla í friðargæslustarfi hefur tekið nokkrum breytingum í tímans rás. Í álitni nefndar frá árinu 2000 um þátttöku Íslands í alþjóðlegri friðargæslu segir: „Ísland fer ekki varhluta af þróuninni í hinu alþjóðlega samfélagi og þeirri ábyrgð sem því fylgir að vera hluti af því samfélagi. Það sama á við þegar Atlantshafsbandalagið, sem Ísland er stofnaðili að, tekur breytingum í ljósi nýrra aðstæðna. Ísland hlýtur eins og önnur aðildarríki bandalagsins að leggja fram sinn skerf til þess að takast á við þau öryggisvandamál sem stöðja að á hverjum tíma og bandalagið er ásátt um að snerti hagsmuni aðildarríka þess.“

Sem fyrr sagði var Íslenska friðargæslan formlega stofnuð árið 2001 þótt þátttaka í friðargæslu ætti sér mun lengri sögu. Smám saman varð það einnig ljóst að þátttaka í friðargæslu-aðgerðum gegndi miklu hlutverki í utanríkisstefnu Íslands og þátttöku í starfi mikilvægra fjölþjóðastofnana. Átti þetta ekki síst við um þátttöku í aðgerðum NATO í Afganistan. Einnig var ljós þörfin á lagalegum starfsramma.

## Lög um Íslensku friðargæsluna 2007

Þörf þótti á því að koma á fastmótaðri lagalegri umgjörð um starfsemi Íslensku friðargæslunnar en löggin um utanríkisþjónustuna og opinbera starfsmenn tóku ekki fyllilega á öllum þeim atriðum sem rétt var talið að tilgreina í slíkri löggjöf. Alþingi samþykkti lög um íslenska friðargæslu og þátttöku hennar í alþjóðlegum verkefnum nr. 73/2007 og tóku þau gildi 5. apríl það ár. Í lögnum er m.a. kveðið á um að utanríkisráðuneytinu sé heimilt að taka þátt í alþjóðlegri friðargæslu og senda borgaralega sérfræðinga til starfa við friðargæsluverkefni, en til þeirra heyra m.a. verkefni sem lúta að því að tryggja stöðugleika á átakasvæðum, stuðla að uppbyggingu stjórn mála- og efnahagslífs í þeim tilgangi að koma á varanlegum friði, stuðla að uppbyggingu innviða samfélags að loknum ófriði, og fyrirbyggjandi verkefni sem miða að því að hindra að ófriður brjótist út.

## Breytingar í kjölfar skýrslu fv. hæstaréttardómara

Í kjölfar árásanna á íslensku friðargæsluliðana í Kabúl í október 2004 hóf stjórn Friðargæslunnar að gera ýmsar breytingar á starfsháttum sem síðar endurspegluðust í álitgerð sem þáverandi utanríkisráðherra fékk tvo fyrrverandi hæstaréttardómara til að gera árið 2008 um atvik og eftirmál árásarinnar. Kynnti utanríkisráðherra álitid og tillögur þeirra hinn 26. ágúst 2008. Höfundar álitgerðarinnar leggja til að mótuð verði skýr stefna um hvaða störf friðargæsluliðar megi stunda og að dregin verði skýr mörk á milli borgaralegra og hernaðarlegra starfa. Setja þurfi ítarlegar reglur um hvernig ferðum friðargæsluliða á hættsvæðum

skuli háttað og vinna þurfi markvissar áætlanir um viðbrögð við ófyrirséðum atvikum.

Utanríkisráðherra kynnti þær breytingar á starfseminni sem Friðargæslan hefði þegar ráðist í og breytingar sem miðuðu að því að skýra reglur, bæta viðbragðs-áætlanir og draga úr vopnaburði. Unnið væri að gerð viðbragðsáætlana, samstarf væri við sálfræðing og aukin upplýsingagjöf til fjölmiðla. Reglur um ferðir friðargæsluliða hefðu verið skýrðar, svo og lög um tryggingamál. Utanríkisráðherra sagði við þetta tækifæri nauðsynlegt að skilgreina enn frekar í hvaða tilvikum friðar-

gæsluliðar gætu starfað innan herkerfis sem borgaralegir starfsmenn. Íslenskir friðargæsluliðar ættu ekki að bera vopn, nema í sérstökum tilvikum og þá því aðeins að um væri að ræða sérþjálfaða aðila sem hefðu heimild til slíks í störfum hérlendis. Í þeim tilfellum væri um sérhæfð störf að ræða og vopnaburð til sjálfsvarnar eins og heimilað er í friðargæslulögunum. Því yrði hætt að manna þær stöður þar sem íslenskir friðargæsluliðar hefðu þurft að bera vopn og tign við almenn eftirlits- og rekstrarstörf í Afganistan. Yrðu borgaralegir, óvopnaðir sérfræðingar boðnir fram í þessi störf, samræmdist slíkt reglum öryggisveita ISAF.





## Lög um alþjóðlega þróunarsamvinnu 2008

Í september 2008 samþykkti Alþingi lög um alþjóðlega þróunarsamvinnu nr. 121/2008. Þau vísa einnig til starfa í þágu friðar en þar segir að til meginmarkmiða með alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands heyri einnig „... að tryggja öryggi á alþjóðavettvangi, m.a. með því að stuðla að friði og gæta hans, vinna að uppbyggingu og gæslu friðar og veita mannúðar- og neyðaraðstoð þar sem hennar er þörf“.

Segja má að með lögnum um alþjóðlega þróunarsamvinnu hafi hafist það ferli að fella friðargæslu íslenskra stjórnvalda inn í ramma þróunarsamvinnu og láta hana lúta aðferðafræði og viðmiðunum hennar. Við skipulagsbreytingar í utanríkisráðuneytinu í byrjun 2009 var skrifstofa Íslensku friðargæslunnar flutt frá alþjóða- og öryggisstarfi ráðuneytisins yfir á nýstofnað þróunarsamvinnusvið.

## Friðargæsla hluti af þróunarsamvinnuáætlun 2011

Stefna íslenskra stjórnvalda í friðargæslu og endurreisn var síðan felld undir heildarstefnu í þróunarsamvinnu með tillögu til þingsályktunar um áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands fyrir tímabilið 2011–2014 sem þáverandi utanríkisráðherra lagði fram 17. febrúar 2011. Áætlunin fjallar um þátttöku Íslands í fjölþjóðlegri þróunaraðstoð, tvíhliða samvinnu við einstök ríki, þ.m.t. Afganistan, neyðaraðstoð, friðargæslu- og hjálparstarfi. Áherslusvið hennar eru m.a. störf að friðaruppbyggingu og kastljósinu auk þess beint að


menntun og heilbrigði, stjórnaritari og endurreisnarstörfum. Jafnréttismál voru á meðal þverlægra málefna. Afganistan er áhersluland í áætluninni og áhersla lögð á uppbyggingu í Afganistan með framlögum til verkefna alþjóðastofnana og störfum íslenskra sérfræðinga. Hvað Afganistan varðar er samkvæmt áætluninni gert ráð fyrir þátttöku í norrænu samstarfi, að stuðlað yrði að betri samhæfingu aðstoðar alþjóðasamfélagsins, jafnrétti kvenna og að mannúðaraðstoð yrði veitt á vegum alþjóðastofnana og félagsamtaka.

Í skýrslu árið 2013 um framkvæmd þróunarsamvinnuáætlunarinnar er staða friðargæsluverkefna metin og komist að þeirri niðurstöðu að þau séu öll samkvæmt áætlun, þar með talið í verkefnum í Afganistan. Hinn 21. mars 2013 samþykkti Alþingi tillögu til þingsályktunar um áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2013–2016 sem er í meginatriðum eins og fyrri áætlun fyrir árin 2011–2014. Hvað Afganistan varðar er gert ráð fyrir því að stutt verði við áframhaldandi uppbyggingu í landinu eftir 2014.

## Framlög til Afganistan 2010

Árið 2010 voru fjárframlög til Afganistan veigamest í fjárhag Íslensku friðargæslunnar eða um 130 milljónir kr. og 31% af fjárhagsáætlun. Þau höfðu þó minnkað um meira en helming frá því er mest var 2006 og 2007 (Mynd 4). Hvað fjölda friðargæsluliða varðaði voru flestir þeirra (43%) starfandi í Afganistan og tengdum verkefnum.

MYND 4: SKIPTING FRAMLAGA EFTIR SVÆÐUM 2010



# FRAMLÖG TIL ÞRÓUNAR- OG HJÁLPARSTOFNANA 2006-2014

Íslensk stjórnvöld hafa á síðustu árum lagt umtalsvert fé til verkefna þróunar- og hjálparstofnana í Afganistan, einkanlega stofnana SP og Rauða kross Íslands. Mest fé hefur runnið til stofnana sem sinna málefnum kvenna, Þróunarsjóðs SP í þágu kvenna (UNIFEM)/ síðar Stofnunar SP um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women) og Mannfjöldasjóðs Sameinuðu þjóðanna (United Nations Population Fund, UNFPA).

## Áhersla á þátt kvenna í friðargæslu og ályktun 1325

Árið 2006 jókst mjög áhersla á jafnréttismál og sá þess stað í starfi Íslensku friðargæslunnar og verkefnum í Afganistan. Hvort tveggja var lögð áhersla á þátttöku kvenna í friðargæsluverkefnum og það að friðargæsluverkefni tækju mið af aðstæðum kvenna. Þátttaka kvenna í friðargæslu hafði farið vaxandi og hátt í 60 konur farið á vettvang til lengri tíma á vegum Íslensku friðargæslunnar á áratugnum þar á undan. Ályktun öryggisráðs SP nr. 1325 og tengdar ályktanir um konur, frið og öryggi eru grundvallarskjöl hvað varðar kynjasjónarmið í friðargæslu og hafðar til hliðsjónar í starfsemi Íslensku friðargæslunnar. Í ályktuninni, sem samþykkt var 30. október 2000, er m.a. fjallað um aðkomu kvenna að því að skapa frið og öryggi og undirstrikað hlutverk kvenna í friðsamlegri lausn vopnaðra átaka og friðaruppbyggingu. Árið 2008 var Ísland á meðal fyrstu aðildarríkja SP til að gera landsáætlun um framkvæmd markmiða ályktunarinnar og var endurskoðuð landsáætlun gefin út fyrir árin 2013-16.

## Jöfn kynjaskipting í íslensku friðargæslunni

Stjórn Íslensku friðargæslunnar vann markvisst að því að jafna kynjaskiptinguna í störfum hennar. Jöfn kynjaskipting náðist í hópi kosningaefirlitsmanna á árinu 2010. Árið 2011 markaði tímamót hvað varðar kynjahlutfall útsendra starfsmanna sem lengi

framan af voru að meirihluta karlmenn en það ár fóru fleiri konur en karlar til starfa á vettvangi. Árið 2014 var staðan þannig að 10 karlar voru starfandi en 7 konur. Í mannmánuðum voru 55% karlar en 45% konur (sjá Mynd 5).

## Samstarf við Jafnréttisskólann


Utanríkisráðuneytið studdi árið 2009 nám tveggja nemenda frá Afganistan við Alþjóðlegan jafnréttisskóla við Háskóla Íslands, sem síðar varð hluti af Háskóla Sameinuðu þjóðanna (United Nations University, UNU). Árið eftir voru þrír nemendur frá Afganistan þar við nám. Skólinn hefur að markmiði að veita sérfræðingum frá þróunarlöndum, sem starfa að jafnréttismálum, þjálfun á sínu sérsviði og gera þeim betur kleift að vinna að jafnri stöðu karla og kvenna í heimalöndum sínum.

## Framlög til UNIFEM/ UN Women og UNFPA

Íslensk stjórnvöld hafa á síðustu árum lagt umtalsvert fé til hjálparstarfs stofnana SP í Afganistan sem sinna málefnum kvenna, einkanlega UNIFEM/UN Women og UNFPA. Á árunum 2009 og 2011 var framlag greitt til verkefna UNFPA sem rann til verkefnis til að styrkja innviði heilbrigðismálaráðuneytis Afganistan á sviði fjölskylduáætlana en markmið verkefnisins var m.a. að auka eftirspurn eftir og tryggja aðgengi að getnaðarvörnum.

Greitt hefur verið eyrnamerkt framlag til UNIFEM/UN Women í Afganistan frá 2006 til ýmissa verkefna, m.a. verkefna sem miða að því að uppræta ofbeldi gegn konum sem er útbreitt vandamál í landinu. Skrifstofa UN Women í landinu styður meðal annars

MYND 5: HLUTFALL KARLA OG KVENNA Í STÖRFUM FRIÐARGÆSLUNNAR Í MANNMÁNUÐUM







stjórnvöld við að framfylgja lögum til varnar ofbeldis gegn konum og stúlkum og vinnur að því að auka vitund og þekkingu innan dómskerfisins. Einnig er unnið að því að efla getu kvenna- málaráðuneytisins til að takast á við vandann, meðal annars með starfsemi kvennaathvarfa og fjölskyldumiðstöðva sem sinna þolendum ofbeldis.

Framlag Íslands til UN Women í Afganistan hefur einnig farið til verkefnis sem hefur aukin efnahagsleg réttindi og valdeflingu kvenna að megin markmiði. Á árunum 2011 og 2012 var reynt að sporna við því kerfis bundna misrétti sem viðgengst hvað varðar eignarrétt afganska kvenna. Kvenna mála ráðu neytið hlaut stuðning og starfsfólk þess þjálfun og fræðslu. Afgönskum kvennasam tókum og öðrum máls vörum jafn réttismála var jafnframt veittur stuðningur við

að byggja upp getu sína og færni auk þess sem lögð var áhersla á myndun og styrkingu tengslanets þar að lútandi. Fram lag Íslands rann einnig til verkefnis sem hefur að markmiði að auka skilning á íslams trú og sharíalögum með tilliti til kvenna og auka þar með réttindi þeirra og valdeflingu í samræmi við afgönsk lög.

### Stuðningur við Flóttamannastofnun SP

Stuðningur íslenskra stjórnvalda náði einnig til verkefna Flóttamannastofnunar SP (UN High Commissioner for Refugees, UNHCR) í landinu. Langvarandi ófriður hefur hrakið hundruð þúsunda á flotta og er sérstök þörf á að sinna konum og börnum í þessu tilliti. Á árunum 2009 og 2011 voru framlög veitt til aðstoðar Flóttamannastofnunarinnar við afganska flóttamenn.


### Stuðningur við Rauða kross Íslands og Hjálparstarf kirkjunnar

Á árunum 2008 til 2010 voru framlög veitt til Rauða kross Íslands (RKÍ) vegna ýmissa verkefna í Afganistan. Árið 2008 fór framlagið til almenns hjálparstarfs Alþjóðaráðs Rauða krossins í landinu og árið eftir, 2009, til að svara ákalli Alþjóðaráðsins um viðbótarframlög. Móttframlag RKÍ var kostnaður vegna sendifulltrúa sem vann á sjúkrahúsi í Kabúl. Árið 2010 rann fjárframlagið til að styðja heilsugæslu á vegum afganska Rauða hálfmánans. Sem fyrr er getið var stuðningur við flutninga RKÍ og Hjálparstarf kirkjunnar á hjálpargögnum með fyrstu aðgerðum íslenskra stjórnvalda í Afganistan.

### Stuðningur við löggæslu

Fé hefur einnig verið lagt til löggæslusjóðsins (Law and Order Trust Fund, LOTFA) sem stofnaður var árið 2002 af UNAMA og Þróunaráætlun SP (UNDP) til að styrkja uppbyggingu löggæslu í landinu og þjálfun lögreglumanna. Einnig hefur fé verið lagt til aðgerðasveitar stjórnvalda í landinu til að berjast á móti eiturfjáframléiðslu (Counter Narcotics Task Force, CNTF).

MYND 6: HELSTU FRAMLÖG TIL RKÍ OG STOFNANA SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA



# AUKIN ÁHERSLA Á STÖRF ÍSLENDINGA Í KABÚL 2010–2014

## Störf í höfuðstöðvum Alþjóðaliðsins og á alþjóðaflugvellinum í Kabúl

Sem fyrr segir hætti Friðargæslan starfsemi hinna hreyfanlegu eftirlitsteyma á árinu 2007 og starfi þróunarfulltrúa utan Kabúl lauk 2010. Sérfræðingum var þá fjölgað í höfuðstöðvum Alþjóðaliðsins (ISAF) í Kabúl, annars vegar á skrifstofu hins sérlega borgaralega fulltrúa aðalframkvæmdastjóra NATO (SCR) og hins vegar á fjölmiðladeild ISAF, og síðar þróunardeild. Stöðum fjölgaði nokkuð í tengslum við rekstur alþjóðaflugvallarins í Kabúl 2007, m.a. við umsjón rekstrar- og viðhaldsmála, eftirlit með bílafloata og verkstæði og ýmis umsjónarstörf vegna tækja og véla til að tryggja öruggar samgöngur á alþjóðaflugvellinum. Einnig var starfandi ráðgjafi að uppbyggingu stjórnsýslu flugmála í Afganistan og síðar starfaði sérfræðingur í höfuðstöðvum NATO í Brussel að uppbyggingu flugmála í Afganistan.

Í lok febrúar 2009 voru sex sérfræðingastöður í Afganistan á sviði þróunarmála og samræmingar þeirra í höfuðstöðvum ISAF í Kabúl og á alþjóðaflugvellinum. Þá var mönnum staða aðstoðardeildarstjóra þróunardeildar Alþjóðaliðsins í höfuðstöðvum ISAF, en henni gegndu sendiráðunautar frá utanríkisþjónustunni. Fyrir utan almenna stjórnun fólst starfið í því að fylgjast með þróunarmálum í landinu og upplýsa yfirstjórn Alþjóðaliðsins um gang mála á þeim vettvangi, sinna kynningarmálum, bæði gagnvart yfirstjórninni og fjölmiðlum. Einnig annaðist starfsmaðurinn samskipti við sendiráð erlendra ríkja í landinu á sviði þróunarmála, viðkomandi ráðuneyti og var tengiliður við þróunarmáladeild UNAMA sem starfaði náið með Alþjóðaliðinu, og aðrar alþjóðastofnanir.

Árið 2009 fóru áhrif bankahrunsins á Íslandi að segja til sín í starfi Friðargæslunnar. Árin þar á eftir bjó hún við niðurskurð og setti það mark á starfsemi í Afganistan. Fjárframlög til verkefna voru skorin niður um 55% á milli árunna 2010 og 2011. Þrátt fyrir það var leitast við að halda uppi trúverðugri starfsemi og standa við skuldbindingar gagnvart NATO.

Árið 2010 mannaði Friðargæslan tvær stöður í bækistöð Alþjóðaliðsins á Kabúlflugvelli. Annars vegar er um að ræða stöðu staðgengils yfirmanns rekstrar- og skipulagsmála, og hins vegar stöðu starfsmannastjóra í bækistöðinni. Fjórir starfsmenn skiptust á um þessar stöður og var því fyrirkomulagi haldið áfram fram í ársbyrjun 2015.

Um mitt ár 2010 lauk starfstíma íslenska þróunarfulltrúans í Faryab í norðurhluta landsins. Um hafði verið að ræða starf að uppbyggingar- og þróunarmálum með sérstakri áherslu á málefni kvenna. Ákveðið var flytja stöðugildið til höfuðstöðva ISAF í Kabúl. Sinnti starfsmaðurinn þar þróunarmálum, einkum félagslegri aðstoð, og síðar jafnréttismálum.

## Jafnréttisfulltrúi

Stöðu jafnréttisfulltrúa í höfuðstöðvum ISAF var komið á fót árið 2009 og lögðu íslensk stjórnvöld síðar til starfsmenn til að gegna henni. Jafnréttisfulltrúinn gegndi mikilvægu hlutverki gagnvart yfirstjórn ISAF og annaðist reglulega skýrslugerð um stöðu mála, tók þátt í stefnumótunarfundum yfirstjórnar ISAF, sinnti eftirfylgni við framkvæmd ályktunar 1325 og annaðist upplýsingagjöf út á við gagnvart fjölmiðlum. Einnig vann jafnréttisfulltrúinn með þarlandum frjálsum félagasamtökum, stofnunum SP, EUPOL og sendiráðum ýmissa ríkja og studdi störf jafnréttisfulltrúa annars staðar með leiðsögn og upplýsingamiðlun. Jafnréttisfulltrúi fylgdist með því að mismunandi aðstæður og þarfir kvenna og karla væru hafðar til hliðsjónar í samvinnu ISAF við afganska herinn og lögregluna. Hann var einnig tengiliður ISAF við kvennamálaráðuneyti og varnar- og innanríkisráðuneyti, m.a. hvað varðaði ráðningu og þjálfun kvenna í afganska hernum og lögreglunni. Á myndinni að neðan má sjá afganskar sersveitarkonur.







## Yfirmaður pólitískra mála

Ísland fékk veigamiknið hlutverk á Skrifstofu sérstaks borgaralegs fulltrúa aðalframtakvæmdastjóra NATO hjá ISAF (SCR) á árunum 2010–2011 þegar sendiherra í utanríkisþjónustunni var skipaður skrifstofustjóri fyrir pólitísk málefni (Director of Political Affairs). Var hann jafnframt staðgengill SCR–fulltrúans. Starfið fól meðal annars í sér ábyrgð á samskiptum og samvinnu við afgönsk stjórnvöld, þing og þingmenn, UNAMA, aðrar alþjóðlegar stofnanir og erlend sendiráð í Kabúl. Yfirmaður pólitískra mála tók jafnframt virkan þátt í sáttafæri stríðandi fylkinga í landinu og samskiptum við nágrannaríkin, einkum Pakistan. Hlutverk skrifstofu SCR var m.a. að fylgja eftir stefnu NATO sem felst í að stuðla að auknu öryggi og stöðugleika í landinu og skapa grundvöll fyrir endurreisn og efnahagslegar framfarir.

## Framlög í neyðar- og þróunarsjóði NATO

Í málefnum Afganistans lagði NATO áherslu á heildræna nálgun (Comprehensive Approach) og á mikilvægi þróunar og efnahagslegrar uppbyggingar samhliða hernaðaraðgerðum (Mynd 2). Aðildarríki, þ.m.t. Ísland, greiddu framlög til ýmissa verkefna í þessu skyni. Greitt var framlag á árunum 2009–2012 í svokallaðan neyðarsjóð ISAF (ISAF Post-Operations Emergency Relief Fund, POERF) sem veitti aðstoð vegna tjóns sem án ásetnings hlaut af aðgerðum ISAF. Aðstoðin var veitt í forni vöru, svo sem matvæla, verkfæra og byggingarefnis.

NATO studdi einnig við þróun afgansks efnahagslífs (Economic Footprint), m.a. með því að auka kaup á innlendri vöru og þjónustu. Á árinu 2010 var framlag greitt til verkefnis sem miðaði að því að styrkja getu landsmanna í viðskiptum (Better Business Tool Kit), m.a. í verktöku. Bandalagið stóð einnig að stjórnsýsluverkefni „Building Integrity“ sem miðar að bættri stjórnsýslu og upp-rætingu spillingar. Íslensk stjórnvöld hafa stutt verkefnið frá 2011 með því að veita sérfræðiaðstoð við samþættingu jafnréttisjónarmiða og framkvæmd ályktunar öryggisráðs SP (UNSCR) nr. 1325 í tengslum við verkefnið.

## Líður að verklokum

Árið 2010 lögðu 46 ríki ISAF lið og voru þá tæplega 90.000 manns í Alþjóðaliðinu. Afganistan var sem fyrr þungamiðja umræðu í Atlantshafsbandalaginu enda fór þar fram umfangsmesta aðgerð í sögu bandalagsins. Aukinnar bjartsýni gætti á meðal framlagaríkja Alþjóðaliðsins um að hægt yrði að færa ábyrgð á öryggismálum í Afganistan til þarlendrar stjórnvalda. Þótti þjálfun afganska hersins og lögregluþjálfun ganga vel. Evrópusambandið (ESB) hefur haft veg og vanda af lögregluþjálfuninni undanfarin ár með EUPOL–verkefni. Þrátt fyrir erfiðleika hafði margt áunnist í Afganistan frá því NATO kom þar að málum árið 2003. Mörg brýn þróunarverkefni höfðu komist á legg sem hafa aukið lífsgæði og bætt afkomu almennings í Afganistan. Milljónir stúlkna gátu nú sótt skóla en undir stjórn talíbana var slíkt bannað. Þá hafði aðgangur Afgana að heilsugæslu stóraukist.

Tímamót voru mörkuð á leiðtogafundi NATO í Lissabon 2010 þegar ákveðið var að hefja það ferli að færa ábyrgð í öryggismálum í Afganistan til þarlendrar stjórnvalda fyrir lok 2014. Árið 2012 var svo komið að 50 ríki lögðu ISAF lið og var heildarliðaafliinn í Afganistan meiri en nokkru sinni fyrr eða um 130.000 manns. Fyrstu tveir áfangar á yfirfærslu

ábyrgðar á öryggismálum til þarlendrar stjórnvalda hófust 2011 en þeir náðu til héraða og borga þar sem um 50% afgönsku þjóðarinnar búa. Síðasti áfanginn hófst um mitt ár 2013 og lauk honum með fullri stjórn afganskra yfirvalda á öryggismálum í landinu í árslok 2014.

Á árunum 2010–2013 mannaði Íslenska friðargæslan fimm stöður hjá ISAF en á síðasta starfsári ISAF, 2014, voru þær þrjár. Annars vegar var um að ræða tvær stjórnendastöður á sviði starfsmannamála og rekstrar- og skipulagsmála í bæktistöð Alþjóðaliðsins á Kabúlflugvelli og hins vegar staða jafnréttisfulltrúa í höfuðstöðvum ISAF. Störf jafnréttisfulltrúans fólust meðal annars í samskiptum við kvennamálaráðuneyti landsins og stofnanir og félagasamtök, ásamt því að stuðla að aukinni þekkingu og vitund meðal liðsmanna ISAF um mikilvægi kynjasjónarmiða og jafnréttismála í starfi Alþjóðaliðsins.

Eins og fyrr segir lauk ISAF aðgerðinni um síðastliðin áramót, en ný aðgerð, Einarður stuðningur (Resolute Support, RS), tók við í ársbyrjun 2015. Hún mun fyrst og fremst sinna þjálfun, aðstoð og ráðgjöf gagnvart afgönskum stjórnvöldum og stofnunum þeirra. Eins og nafnið bendir til hvíkar alþjóðasamfélagið ekki í áframhaldandi stuðningi sínum við stjórnvöld í Afganistan. Árið 2015 mannaði íslenska friðargæslan stöður jafnréttisfulltrúa og fjölmíðlafulltrúa í höfuðstöðvum RS í Kabúl.

# FJÁRFRAMLÖG OG ÁRANGUR

## Íslensk fjárframlög

Fjárframlög íslenskra stjórnvalda til aðgerða og verkefna í Afganistan hafa verið með ýmsum hætti eins og sjá má af frásögninni að ofan. Þegar á árinu 2002 báru íslensk stjórnvöld kostnað af flutningum til Afganistans með hjálpargögn. Á árunum 2004–2007 kostuðu stjórnvöld flutninga með margvíslegan búnað, þ.m.t. hergögn, til landsins.

Veigamesti þátturinn var að kosta störf sérfræðinga á vegum Íslensku friðargæslunnar sem störfuðu innan ramma ISAF. Fjárframlög íslenskra stjórnvalda til verkefna ISAF hófust fyrir alvöru árið 2004 með 220 millj. kr. framlagi. Hæst var framlagið á árunum 2006 og 2007 eða 300 millj. kr. hvort ár. Fór það síðan minnkandi og var árið 2014 65,4 millj. kr. Frá 2009 var greitt framlag til ýmissa NATO-verkefna; POERF-neyðarsjóðs ISAF, verkefnis til að styrkja getu landsmanna í viðskiptum (Better Business Tool Kit) og verkefnis á sviði heildrænnar uppbyggingar (Building Integrity).

Þegar leið á starf ISAF rann umtalsvert fé til þróunar, uppbyggingar og neyðarstöðar. Auk framlaga til ýmiss konar þróunarverkefna, sem Íslendingar áttu aðild að í héraðs-uppbyggingarteymum í Faryab og Ghor, var fé lagt til starfs stofnana SP í Afganistan. Mest hefur verið greitt til Þróunarsjóðs SP í þágu kvenna (UNIFEM)/Jafnréttisstofnunar SP (UN Women), en einnig til Mannfjöldasjóðs SP (UNFPA) og Flóttamannastofnunar SP (UNHCR) og Alþjóðlegs Jafnréttisskóla við Háskóla Íslands/UNU. Þá hefur starf Rauða krossins einnig notið framlaga frá stjórnvöldum.

## Nokkrir punktar um þróun og efnahag í Afganistan

**Afganistan telst til vanþróuðustu ríkja heims** samkvæmt lífskjarastuðli (Human Development Index, HDI) Þróunaráætlunar Sameinuðu þjóðanna (UNDP). Er Afganistan í 169. sæti á HDI listanum.<sup>1</sup> Margt hefur þó breyst til hins betra fyrir almenna borgara í landinu á liðnum árum fyrir tilstilli hinnar miklu alþjóðlegu aðstoðar sem þjóðin hefur notið. Tölfræðilegar upplýsingar eru af skornum skammti frá stjórnartíma talibana í Kabúl og reyndar framan af á síðasta áratug. Alþjóðastofnanir hafa leitast við að halda til haga tölfræðilegum upplýsingum á síðustu árum og sýna þær nokkuð þróun mála og árangurinn sem náðst hefur.

Hlutfallslegur hagvöxtur á milli ára tók við sér fljótlega eftir að alþjóðasamfélagið fór að beita sér í Afganistan og var 11,1% árið 2005. Mestur varð vöxturinn 21% árið 2009, en var kominn niður í 2% 2014.<sup>2/L1</sup> Meðalhagvöxtur í Suður-Asíu árið 2014 var 7.1%. Landsframleiðsla hefur hækkað úr 6,2 mlja. USD árið 2005 í 20,8 mlja. USD árið 2014.<sup>2/L2</sup> Vergar þjóðartekjur á mann miðað við kaupmáttarjafnvægi hafa hækkað úr 1.020 USD árið 2005 í 1.960 USD árið 2013.<sup>2/L3</sup>

**Íbúum hefur fjölgað** úr 25 millj. árið 2005 í 31,6 millj. árið 2013.<sup>2</sup> Fjölgar þeim árlega um 3%.<sup>2</sup> Líflíkur hafa aukist úr 58 árum í 61 ár á sama tíma.<sup>2/L4</sup> Meðaltalið í Suður-Asíu árið 2013 var

67 ár. Fæðuöryggi hefur aukist mikið í Afganistan á liðnum árum, samkvæmt Matvæla- og landbúnaðarstofnun SP (FAO). Framboð á matvælum miðað við höfðatölu hefur aukist úr 1.737 kílókaloríum á dag (kcal/capita/day) árið 2001 í 2.107 kílókaloríur árið 2011.<sup>3</sup>

**Nokkur árangur hefur náðst í menntun** og læsi hefur aukist. Samkvæmt Menningarmálastofnun SP (UNESCO) hefur fjölgað í hópi þeirra landsmanna sem njóta menntunar á öllum þremur skólastigum, grunnskóla, miðskóla og framhaldsskóla (primary, secondary and tertiary), án tillits til aldurs og af báðum kynjum. Fyrstu tölur um þetta eru frá 2009 og sýna 59% skólagöngu. Árið 2012 er fjöldi skólagenginna orðinn 62%<sup>1</sup>. Samkvæmt UNESCO hefur líkleg skólaganga í landinu aukist úr 5,6 árum (2000) í 9,3 árið 2013.<sup>4/L5</sup>

**Útgjöld til heilbrigðismála hafa aukist** úr 6,4% af GDP árið 2006 í 9,6% af GDP árið 2011.<sup>1/L6</sup> Mæðradauðsföllum við barnsfæðingar hefur fækkað verulega á síðustu árum, þ. e. dauðsföll miðað við 100 þús. fæðingar. Árið 2000 létust um 1000 konur, árið 2010 voru þær 460 og árið 2013 voru dauðsföll komin niður í 400.<sup>1/L7</sup> Ungbarnadauðsföllum hefur fækkað. Árið 2006 létust 116 börn undir fimm ára aldri miðað við hverjar 1.000 fæðingar. Árið 2015 var talan komin niður í 94 börn.<sup>1/L8</sup>



Markvisst hefur verið unnið að því að styrkja stöðu kvenna í landinu, m. a. stjórnarfarslega séð, en kosninga-fyrirkomulag landsins kveður á um að konur fái 68 þingsæti í sinn hlut eða 28% þingsæta.<sup>1</sup> Samkvæmt upplýsingum Jafnréttisstofnunar SP (UN Women) hefur töluverður árangur náðst í menntun stúlkna og hafi 2,5 milljónir stúlkna hafið skólagöngu á ný síðan 2001.<sup>5</sup>

Samkvæmt UNESCO var líkleg skólaganga stúlkna árið 2009 6,3 ár. Árið 2013 hafi líkleg skólaganga verið komin í 7,2 ár.<sup>5/L5</sup> Samkvæmt UNESCO hefur hlutfall (gross enrolment ratio í %) stúlkna í grunnskólum hækkað úr 66,6% árið 2003 í 86,6% árið 2012. Í miðskóla hefur hlutfallið hækkað úr 6,6% á sama tíma í 38,3%. Í framhaldsskólum hefur hlutfallið hækkað úr 0,5% árið 2003 í 1,9% árið 2011.<sup>4/L9</sup>

**Flóttamannavandamálið** er enn afar mikið hjá Afgönum þótt góður árangur hafi náðst á síðustu árum. Samkvæmt Flóttamannastofnun SP (UNHCR) hafa 5,8 milljónir flóttamanna snúið aftur til landsins síðan 2001, þar af 4,7 milljónir á vegum UNHCR. Í landinu eru nú 1,1 milljón manna sem stofnunin hefur afskipti af og eru flestir þeirra, um 700 þúsund manns, er fólk sem hefur flosnað upp frá heimahögum sínum.<sup>6</sup>

Mikið verkefni er fram undan hjá alþjóðasamfélaginu og Einörðum stuðningi (RS). Um þriðjungur þjóðarinnar býr við mikla fátækt og vanþróun.<sup>1</sup> Íbúar í dreifbýli eru 22,6 milljónir eða 74% landsmanna<sup>1</sup>. Samkvæmt Matvælaáætlun SP (WFP) þjuggu um sjö milljónir landsmanna árið 2014 við mikið fæðuóryggi, og 14% landsmanna til viðbótar eru talin á mörkum þess að búa við fæðuóryggi<sup>7</sup>.

Menntun er mjög ábótavant, einkanlega menntun kvenna, en hlutfall kvenna í framhaldsskólum er lítið. Samkvæmt UN Women er ólæsi á meðal kvenna mjög mikið eða 87,4%. Aðeins 6% kvenna yfir 25 ára aldri hafa formlega menntun og aðeins 8% kvenna eru í launaðri vinnu utan landbúnaðar.<sup>5</sup> Samkvæmt Barnahjálpi SP (UNICEF) er hlutfall þeirra barna árið 2013 sem þjáðust af svo mikilli vannæringu að varanlegur skaði hlýst af (stunted) 59%, langt fyrir ofan 41% mörkin sem telst mjög mikil vanþróun (low development).<sup>8</sup>

## Þjálfun og öryggi

Áhersla var lögð á góðan undirbúning þeirra friðargæsluliða sem fóru til starfa í Afganistan, enda aðstæður þar nokkuð erfiðar og framandi. Heima fyrir sóttu friðargæsluliðarnir námskeið í öryggisviðbúnaði hjá Ríkislögreglustjóra, hlutu fræðslu um menningu og trúarumhverfi svæðisins, sóttu námskeið Landsnefndar Jafnréttisstofnunar SP (UN Women) á Íslandi um stöðu kvenna á stríðshrjáðum svæðum og framkvæmd ályktunar öryggisráðs SP nr. 1325.

Tilvonandi starfsmenn sóttu ýmis konar námskeið hjá fjölþjóðastofnunum og samstarfsríkjum. Félagar í hinum hreyfanlegu eftirlits- og upplýsingarsveitum (MLOT) voru þjálfaðir í Noregi. Friðargæsluliðar í Afganistan sóttu íðulega námskeið á vegum NATO, þar sem öryggisþátturinn var einnig veigamikill. Reynslumiklir friðargæsluliðar tók einnig þátt í ráðstefnum um stjórnmal og þróun í Afganistan og fluttu fræðsluerindi um ástandið.

Hjá Alþjóðaliðinu (ISAF) giltu öryggisreglur fyrir starfsmenn sem íslensku friðargæsluliðarnir fóru eftir. Á grundvelli þeirra gaf stjórn Friðargæslunnar út sérstakar öryggisreglur fyrir íslenska starfsmenn í Kabúl árið 2012. Fyrir hvern starfsmann var gerð viðbragðsáætlun til að fara eftir ef þörf var talin á. Fjármálaráðuneytið gaf út tryggingayfirlýsingu fyrir hvern friðargæsluliða sem fór til starfa á vettvangi.

### Tilvísanir

1. UNDP Human Development Index 2014
2. WB World Development Indicators 2015
3. Tölfræðiskrifstofa FAO (FAOSTAT) 2014
4. UNESCO Institute for Statistics
5. UN Women Website
6. UNHCR/website/Afghanistan Fact Sheet, September 2014
7. WFP National Risk and Vulnerability Assessment 2014
8. HDI/UNICEF The State of the World's Children 2014



## NIÐURLAG

Um síðastliðin áramót lauk starfsumboði Alþjóðaliðsins í Afganistan. Ábyrgð á öryggismálum er þar með komin í hendur þarlendra stjórnvalda, hersveita þeirra og lögreglu. Ljóst er þó að áfram er þörf fyrir viðveru alþjóðasamfélagsins í landinu við uppbyggingar- og þróunarstarf, og til að forða því að talibanar nái þar aftur áhrifum og völdum, eins og hin nýja aðgerð, Einarður Stuðningur, ber vott um. Skuldbinding alþjóðasamfélagsins felur í sér að Afganistan gangi í gegnum umbreytinga- og uppbyggingarskeið (transformational decade) fram til ársins 2025. Eflaust mun líða nokkur tími þar til heildarmynd er komin á árangurinn af starfi Alþjóðaliðsins. Fjölmargar skýrslur alþjóðastofnana, eins og UN Women, UNICEF og WHO, benda þó eindregið til þess að starf alþjóðasamfélagsins í landinu hafi borið árangur, þótt öryggisástandið sé enn ótryggt.

Hin metnaðarfulla þátttaka Íslendinga í friðargæslu og verkefnum ISAF byggðist á helstu grunnþáttum í utanríkisstefnunni. Starfað var innan ramma varnarsamstarfs vestrænna þjóða í NATO og byggt á ályktunum öryggisráðs SP. Starfsemi sérfræðinga og þátttaka í verkefnum hafði að leiðarljósi helstu áherslur íslenskra stjórnvalda í starfi að friði og uppbyggingu og þróunarsamvinnu. Með þessu starfi voru Íslendingar virkir þátttakendur í stærsta verkefni NATO af þessu tagi og sýndu vilja sinn til að gera sig gildandi í hinni alþjóðlegu baráttu gegn hryðjuverkastarfsemi og leggja mannréttinda- og jafnréttisbaráttu lið.




# SKAMMSTAFANIR


ANDMA	Afghanistan National Disaster Management Authorities (Almannavarnir)	PRTs	Provincial Reconstruction Teams (Endurreisnarneymi Alþjóðaliðsins)
AIHRC	Afghanistan Independent Human Rights Commission (Hin sjálfstæða mannréttindanefnd Afganistans)	RKÍ	Rauði kross Íslands
BI	Building integrity (Stjórnsýsluverkefni í Afganistan)	RS	Resolute Support (Einarður stuðningur)
CNTF	Counter Narcotics Task Force (Aðgerðasveit gegn eiturlyfjum)	SCR	Special Civilian Representative (Sérlegur borgaralegur fulltrúi aðalframkvæmdastjóra NATO í Afganistan)
ESB	Evrópusambandið	SÞ	Sameinuðu þjóðirnar
EUPOL	European Union Police Mission (Lögreglusveit ESB)	UN	United Nations (Sameinuðu þjóðirnar)
FAO	Food and Agriculture Organization of the United Nations (Matvæla- og landbúnaðarstofnun SÞ)	UNAMA	UN Assistance Mission in Afghanistan (Aðstoðarsveit SÞ í Afganistan)
HDI	United Nations Development Programme (UNDP) Human Development Index (Lífskjarastuðull Þróunaráætlunar SÞ)	UNICEF	UN Children's Fund (Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna)
IAM	International Assistance Mission (Alþjóðlega hjálparsveitin í Afganistan)	UNDP	United Nations Development Programme (Þróunaráætlun SÞ)
ILF-A	International Legal Foundation Afghanistan (Alþjóðlega lagastofnunin - Afganistan)	UNESCO	United Nations Organization for Education, Science and Culture (Menningarmálastofnun SÞ)
ISAF	International Security Assistance Force (Alþjóðaliðið í Afganistan)	UNFPA	United Nations Population Fund (Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna)
KAIA	Kabul International Airport (Alþjóðflugvöllurinn í Kabúl)	UNHCR	United Nations High Commissioner for Refugees (Flóttamannastofnun SÞ)
LOTFA	Law and Order Trust Fund (Löggæslusjóðurinn)	UNSCR1325	UN Security Council Resolution (Ályktun öryggisráðs SÞ nr. 1325 um konur, frið og öryggi)
MLOTs	Mobile Liason and Observation Teams (Eftirlits- og upplýsingasveitir)	UNU	United Nations University (Háskóli Sameinuðu þjóðanna)
MoWA	Ministry of Womens Affairs (Kvennamálaráðuneyti Afganistans)	UN Women	UN Entity for Gender Equality and the Empowerment of Women (Stofnun SÞ um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna (áður UNIFEM))
NATO	North Atlantic Treaty Organization (Atlantshafsbandalagið)	WB	World Bank (Alþjóðabankinn)
PARSA	Physiotherapy and Rehabilitation Support for Afghanistan (Endurhæfingaraðstoð Afganistans)	WFP	World Food Organization (Matvælaáætlun SÞ)
POERF	ISAF Post-Operations Emergency Relief Fund (Neyðarsjóður ISAF)	WHO	World Health Organization (Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin)

# LÍNURIT UM ÞRÓUN OG EFNAHAGSMÁL


**L1 : HLUTFALLSLEGUR HAGVÖXTUR Á MILLI ÁRA**  
Í prósentum




**L4 : LÍFSLÍKUR**  
Í árum




**L2 : LANDSFRAMLEIÐSLA**  
Í milljörðum USD




**L5 : LÍKLEG SKÓLAGANGA**  
Í árum



**L3 : VERGAR ÞJÓÐARTEKJUR Á MANN**  
Miðað við kaupmáttarjafnvægi í USD



**L6 : ÚTGJÖLD TIL HEILBRIGÐISMÁLA**  
Í hlutfalli af landsframleiðslu






# HELSTU HEIMILDIR


## L7 : MÆDRADAUÐI

Dauðsföll miðað við 100 þús. fæðingar




## L8 : UNGBARNADAUÐI

Undir 5 ára miðað við hverjar 1000 fæðingar



## L9 : HLUTFALL STÚLKNA Í SKÓLA

Í prósentum



Alþjóðleg þróunarsamvinna. Yfirlit yfir þróunarsamvinnu Íslands 2009 og 2010. Utanríkisráðuneytið og ÞSSÍ 2011. Álitsgerð um sprengjuárás í Kabúl 23. október 2004. Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson. Reykjavík 15. ágúst 2008.

Íslenska friðargæslan. Ársskýrsla 2006. Utanríkisráðuneytið 2007.

Íslenska friðargæslan. Ársskýrsla 2007. Utanríkisráðuneytið 2008.

Jafnréttisstefna á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands. Utanríkisráðuneytið og ÞSSÍ, 2013.

Konur, friður og öryggi. Áætlun Íslands um framkvæmd ályktunar öryggisráðs

Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 um konur, frið og öryggi 2013–2016. Utanríkisráðuneytið 2013.

Mannréttindi í íslenskri utanríkisstefnu. Utanríkisráðuneytið 2007.

Skýrslur utanríkisráðherra til alþingis 2002–2014. Vefsíða Alþingis.

Starfsmannahandbók Íslensku friðargæslunnar 2014. Skrifstofa Íslensku friðargæslunnar, utanríkisráðuneytinu 1. jan. 2014.

Svar utanríkisráðherra við fyrirspurn Árna Þórs Sigurðssonar um aðkomu Íslands að stríðsrekstri í Írak og Afganistan.

138. Löggjafarþing 2009–2010. Þingskjal 1358–568. mál.

Þátttaka Íslands í alþjóðlegri friðargæslu. Tillögur og greinargerð starfshóps. Utanríkisráðuneytið, 11. okt. 2000.

Þingsályktun um áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2011–2014. 139.

Löggjafarþing 2010–2011. Nr. 41/139. Þingskjal 1732–486. mál.

Þingsályktun um áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2011–2014.

Skýrsla um framkvæmd áætlunarinnar 2011–2012, Utanríkisráðuneytið.

Þingsályktun um áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2013–2016 og fylgiskj. Þingskjal 995–582. mál.

Þátttaka Íslands í alþjóðlegri friðargæslu. tillögur og greinargerð starfshóps. Utanríkisráðuneytið, 11. okt. 2000

Þróunarsamvinna Íslands, skipulag, skilvirkni og árangur. Skýrsla til utanríkisráðherra. Þórir Guðmundsson, júlí 2014.



ÚTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ